



HAFNARFJÖRÐUR

Minnisblað vegna matarmála í leik- og grunnskólum haustið 2016 og veturinn 2017.

Útboðið „Framleiðsla á mat fyrir leik- og grunnskóla Hafnarfjarðarbæjar 2016-2020“ fór fram í apríl 2016 og voru niðurstöður útboðs ljósar og staðfestar í bæjarráði á fundi þann 30.06.2016

Fyrirtækið ISS var með hagstæðsta tilboð og var gengið til samninga við fyrirtækið, undirritun samnings var 21. júlí 2016.

Verkefnið fór ágætlega af stað en smávægilegir byrjunarörðugleikar komu upp eins og gerist. Vandamálin snéru mest að innra skipulagi og ferlum hjá ISS. Matur barst á röngum tíma starfsmenn í eldhúsum stofnanna okkar ekki nægjanlega uppfærðir og skortur á upplýsingagjöf til þeirra. Í kjölfarið fór að bera á kvörtunum..

Starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar áttu marga fundi með fyrirtækinu vegna fjölda kvartana. , Fyrirtækið náði ekki fullkomlega utan um verkefnið þá sérstaklega það sem tengist skipulagi og verklagi. Einhverjar kvartanir bárust líka þar sem foreldrar lýstu yfir óánægju sinni með matinn.

Í framhaldi af kvörtunum var tekin ákvörðun um að fara í óháða úttekt á verkefninu og var samið við fyrirtækið Sýni. Úttekt fór fram í febrúar 2017.

Niðurstöður úttektar voru síðan kynntar fyrir stjórnendum stofnanna og í fræðsluráði.

ISS voru kynntar niðurstöðurnar og var farið í umbótavinnu á þeim þáttum sem úttektin gaf til kynna að þyrfti að laga. Úttektin gaf ekki til kynna að gæði matarins væru ekki fullnægjandi.

Margt lagaðist en ekki allt og voru uppi kvartanir áfram, aðallega frá foreldrum en einnig frá stjórnendum skólanna.

Þann 23. júní s.l. var haldinn fundur með ISS þar sem meðal annars var farið yfir mat fyrir leik- og grunnskóla.. Málin voru rædd á opinн og heiðarlegan hátt. Á fundinum voru leikskólastjórar þeirra leikskóla sem fá mat frá ISS. Niðurstaða fundarins var að ISS fengi frest til 14. júlí til að leggja fram úrbótaáætlun sem tæki á öllum ofangreindum þáttum og að auki var fyrirtækinu afhent aðvörunarbréf þar sem Hafnarfjarðarbær leggur mikla áherslu á að þessir hlutir séu í lagi.

Þann 14. júlí s.l. lagði ISS fram ítarlega og faglega úrbótaáætlun um hvernig styrkja eigi alla þá pósta sem veikir voru. Það var jafnframt ákveðið að í kringum 20. september skyldi fara fram stöðufundur á verkefninu. Skoðað yrði hvernig það hefðii farið af stað og hvort náðst hefði að leysa þau vandamál sem þurfti að laga.

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundarþjónustu